

Nd.

426. Lög

um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923.

(Afgreidd frá Nd. 22. apríl).

Á eftir öðrum málslíð 3. gr. laganna komi þrír nýir málslíðir, svo hljóðandi:

Þó skal hreppsþjélagi heimilt að greiða skattinn úr sveitarsjóði, sje það samþykt með $\frac{2}{3}$ atkvæða á lögmætum sveitarfundi, sbr. 53. gr. sveitarstjórnarlaganna, og tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þangað til fundarsamþyktin er úr gildi feld með sama hætti. Jafnar hreppsnefnd þá skattinum niður með aukaútsvörum, og skal hreppsnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga þeim, er áður segir.